

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Samráðsgátt, mál nr. S-72/2024

Reykjavík, 14. mars 2024

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), mál nr. S-72/2024**

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vilja með erindi þessu koma á framfæri umsögn um ofangreint mál. Áður var birt áformaskjal þar sem áform um breytingar voru kynntar í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-45/2024. Skiluðu LL inn umsögn um málið dags. 1. mars sl.


Í fyrrgreindri umsögn LL er því fagnað að áform séu uppi um að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og er sú afstaða áréttuð hér. Er þar jafnframt tiltekið að æskilegt sé að farið sé í almennar breytingar s.s. með hækkun á heimildum til fjárfestinga í óskráðum eignum. Í því sambandi er ekki verið að vísa til þess að takmarkanir verði afnumdar heldur hækkaðar umtalsvert frá gildandi mörkum sem eru 20%. Vísast nánar til þess sem fram kemur í umræddri umsögn LL um málið.

Þau frumvarpsdrög sem hér eru til umsagnar er ætlað að auðvelda lífeyrissjóðum fjárfestingar í fjármögnun íbúðarhúsnæðis sem rekið er af félögum sem hafa það að markmiði að leigja einstaklingum slíkt húsnæði til langs tíma. Styðja LL þann tilgang frumvarpsins en telja brýnt að yfirfara heildstætt fjárfestingarheimilir sjóðanna.

Án þess að tefja framgang þessa máls vilja LL leggja ríka áherslu á að vinna verði hafin við að yfirfara fjárfestingarheimildir sjóðanna enda æskilegt að almennar sérhæfðar fjárfestingar eins og hér um ræðir gæti rúmast innan almennra heimilda laganna. **Því er óskað eftir samtali við fjármála- og efnahagsráðuneytið til að fara yfir og móta hvernig best verði staðið að því mikilvæga verkefni að yfirfara almennar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða en brýnt er að slík vinna hefjist sem allra fyrst.**

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri